

Starfsfólk í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður þig velkominn til náms í deildinni í haust.

Kennsla á 1. ári í Viðskiptafræðideild hefst **mánudaginn 28. ágúst**, skv. stundaskrá, sem verður birt í ágúst á vef deildarinnar: <http://www.vidskipti.hi.is>

**Föstudaginn 25. ágúst kl. 14 verður kynningarfundur í Stóra salnum í Háskólabíói, þar sem forseti Félagsvísindasviðs mun ávarpa nýnema á Félagsvísindasviði. Kl. 15 sama dag verður sérstakur fundur í sal 1 í Háskólabíói fyrir nemendur í Viðskiptafræðideild.**

Dagskrá kynningarfundarins og nýnemadaga verður kynnt á heimasíðu deildarinnar

<http://www.vidskipti.hi.is>) og er nemendum ráðlagt að kynna sér heimasíðuna vel. Þar eru birtar tilkynningar og annað sem við kemur náminu.

Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt er veflykillinn notaður til að sækja notendanafn og lykilorð á síðunni **nynemar.hi.is**. Eftir að því er lokið getur þú nýtt þér Uglu sem er innri vefur HÍ. Þar getur þú m.a. yfirfarið í hvaða námskeið þú ert skráð/ur, skoðað kennsluvef námskeiða, séð stundatöflu þína og námsferil. **Áriðandi** er að fara yfir námskeiðskráningar og leiðréttu þær ef með þarf – opnað verður fyrir breytingar eftir miðjan ágúst. Einnig er afar brýnt að nemendur skoði reglulega tölvupóst og tilkynningar í Uglu því flest öll samskipti Háskólans við nemendur fara fram með rafrænum hætti. Þetta gildir jafnt um skilaboð frá kennurum í einstökum námskeiðum sem og tilkynningar frá deildarskrifstofu og stjórnýslu Háskólans. Heimasíða deildar: <http://www.vidskipti.hi.is/>

**Undirbúningsnámskeið í fjárhagsbókhalda (reikningshalda)** verður haldið fyrir þá nemendur sem vilja undirbúa sig fyrir nám í viðskiptafræði.

Námskeiðið hefst 14. ágúst og lýkur 25. ágúst. Kennið verður frá kl. 17:00 – 19:00 í stofu 201 í Odda. Fyrirlestrar verða frá 17:00 – 17:45 og dæmatímar frá 18 – 19.

Nemendur greiða fyrir námskeiðið sem kostar **20 þús. kr.** Greiða skal inn á bankareikning **137-26-6030** (kt. Háskóla Íslands er **600169-2039**) fyrir 10. ágúst. Greiðsla er jafnframt skráning á námskeiðið.

#### Forsetalisti

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að veita verðlaun til þeirra þriggja nemanda sem hljóta hæstu meðaleinkunn að loknum prófum á 1. ári. Verðlaunin verða veitt í júní 2018. Upplýsingar um reglur eru á heimasíðu deildarinnar.

Verðlaunahafar komast á forsetalista deildarinnar, sem birtur verður á heimasíðu deildarinnar

<http://www.vidskipti.hi.is>)

#### Mentorar

Við upphaf skólaársins fá allir nýnemar mentor, sem kemur úr hópi nemenda á 2.-3. ári í viðskiptafræði. Hlutverk mentors er að vera nýnemum innan handar meðan þeir læra á Ugluna, háskólasvæðið og mismunandi þjónustueiningar innan háskólans. Nýnemum er í sjálfsvald sett hvort og hversu mikið þeir leita til síns mentors. Við hvetjum þó til þess að þeir nýti sér fundi með mentorum því það er góð leið til að kynna samnemendum og fá hagnýtar upplýsingar frá eldri nemendum.

Með góðri kveðju,

Starfsfólk Viðskiptafræðideildar